

Mánudaginn 20. júní 1949.

Nr. 42/1946. **Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, Félag blikk-smiða í Reykjavík, Félag járníðnaðarmanna í Reykjavík, Félagið Skjaldborg, Iðja, félag verksmiðjufólks, Rakarasveinafélag Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagið Sókn, Sveinafélag húsgagnsmiða í Reykjavík, Sveinafélag skipasmíða í Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún og Þvottakvennafélagið Freyja**
(Ragnar Ólafsson)

gegn

Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f, Jóni Axel Péturssyni, Jónasi Guðmundssyni, Guðgeiri Jónssyni, dánarbúi Sigurðar Ólafssonar og Jónínu Guðjónsdóttur (Guðm. Í. Guðmundsson bfg.).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Krafa um ógildingu afsals að húsi og húsmunum. Véfengd heimild fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík til afhendingar eigna þessara. Tómlætisverkanir.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1946, og eru dómkröfur þeirra þessar:

1. að dæmdur verði ógildur afsalsgerningur, dags. 12. ágúst 1940, þar sem þáverandi stjórn fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík, stefndu Jón Axel Pétursson, Jónas Guðmundsson, Guðgeir Jónsson, Jónína Guðjónsdóttir og Sigurður heitinn Ólafsson, afsalaði stefnda Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f húseigninni Iðnó, nr. 3 við Vonarstræti í Reykjavík, ásamt meðfylgjandi eignarlóð og mannvirkjum á henni, útbúnaði öllum og áhöldum, sem húsinu fylgdu og notuð voru til rekstrar þess og starfsemi þeirrar, er fram fór í húsinu og

Ingólfs Café, svo og 30 þúsundum króna í hlutabréfum Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f;

2. að stefndu verði dæmdir til að skila fulltrúaráði verkalyðsfélaganna í Reykjavík eignum þeim, sem afhentar voru stefnda Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f samkvæmt fyrrnefndum afsalsgerningi gegn greiðslu á skuldum þeim, er Alþýðuhús Reykjavíkur h/f tók að sér að greiða;

3. að stefndu verði dæmdir til að skila áfrýjendum ágóða þeim, sem orðið hefur af rekstri Alþýðuhússins Iðnó og Ingólfs Café, síðan Alþýðuhús Reykjavíkur h/f fékk þau afhent;

4. að stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjendum fullar bætur fyrir það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir vegna framangreindrar eignaafhendingar;

5. að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ákvæðum 5. töluliðar 71. gr. laga nr. 85/1936 er samkomulag um, að hvorki verði dæmt um fjárhæð endurgreiðslu né bóta samkvæmt 3. og 4. kröfulið í þessum þætti málsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Pegar höfðun máls þessa var ráðin, var 31 stéttarfélag í fulltrúaráði verkalyðsfélaganna í Reykjavík. Af þessum félögum ákváðu 11, þ. e. áfrýjendur máls þessa, að leita úrlausnar dómstólanna um það, hvort umræddar ráðstafanir fyrra fulltrúaráðs væru löglegar. Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 verður að telja, að þessi 11 félög geti leitað dóms fyrir sig um kröfur á hendur stefndu samkvæmt 1., 3., 4. og 5. lið hér að framan, eins og þær eru í þessum þætti málsins. Hins vegar verður ekki séð heimild áfrýjenda til að krefjast dóms samkvæmt 2. kröfulið, þar sem krafist er afhendingar eigna í hendur fulltrúaráðinu, sem ekki er sjálfstæður málsaðili. Ber því að vísa þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Í hinum fyrstu lögum Alþýðusambands Íslands frá árinu 1919 var svo ákveðið, að hvert félag innan sambandsins skyldi kjósa fulltrúa til sambandsþings og þessir fulltrúar síðan mynda fulltrúaráð í hverju kjördæmi. Skyldu fulltrúaráð

Þessi, er nefndust fulltrúaráð verkalýðsfélaganna, setja sér sjálf reglur um verkaskiptingu og annast milli þinga þau mál, er sérstaklega snertu hvert kjördæmi. Sams konar ákvæði voru í lögum Alþýðusambandsins frá árinu 1927. Hinn 30. marz 1919 var fyrst sett reglugerð fyrir fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, og var sú reglugerð í gildi til 19. febrúar 1931, er ný reglugerð var sett. Samkvæmt reglugerðinni frá 1919 skyldi fulltrúaráðið hafa til meðferðar „sameiginleg hagsmunamál félaganna“, og skyldi sérstök framkvæmdastjórn hafa með höndum yfirstjórn allra framkvæmda fulltrúaráðsins, og eru þar með taldar „ráðstafanir vegna fyrirtækja fulltrúaráðsins, svo sem kaup og sölur á fasteignum og öðru.“ Á fundi, sem haldinn var í þessu fulltrúaráði hinn 16. marz 1919, var rætt um kaup á lóð við Hverfisgötu í Reykjavík fyrir samkomuhús handa félögum þeim, er að ráðinu stóðu, og var nafngreindum manni veitt umboð til að festa kaup á lóðinni fyrir hönd fulltrúaráðsins. Afsal fyrir þessari lóð, stílað á nafn fulltrúaráðsins í Reykjavík, var síðan gefið út hinn 2. apríl 1919 og þess þar getið, að það væri skilyrði fyrir sölnunni, að lóðin yrði á sínum tíma notuð undir byggingu í þarfir verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Á fundi í fulltrúaráðinu hinn 6. apríl 1919 skýrði og sá, er samninginn gerði fyrir hönd ráðsins, frá því, að hann hefði lokið kaupum á lóð þessari „handa verkalýðsfélagunum“. Á fundi í fulltrúaráðinu hinn 15. maí 1929 fól ráðið stjórn sinni að festa kaup á samkomuhúsinu Iðnó, nr. 3 við Vonarstræti í Reykjavík. Þau kaup voru síðan gerð hinn 17. maí s. á. og húseigninni afsalað til fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Þegar til þess er litið, hvernig háttað var sams konar fasteignakaupum ráðsins árið 1919, eins og áður er rakið, og ekki verður séð í hinum tilvitnuðu reglum fulltrúaráðsins, að það hafi haft heimild til kaupa eða sölu fasteigna fyrir sjálft sig, verður að telja, að félög þau, er mynduðu fulltrúaráðið í Reykjavík, hafi orðið hinir raunverulegu eigendur húseignarinnar Iðnó með afsalinu frá 17. maí 1929. Ekki verður annað séð en félög þau, er stóðu að fulltrúaráðinu á hverjum tíma, hafi síðan haldið eignarrétti þessum, þar til er húseigninni var afsalað með samningi þeim frá 12. ágúst 1940, sem áfrýjendur vé-

fengja. Með samningi þessum afsalaði hin stefnda stjórn þáverandi fulltrúaráðs f. h. fulltrúaráðsins húseigninni Iðnó ásamt því, er áður greinir, til stefnda Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f, og var kaupverðið talið kr. 130.400.00, en í kaupunum fylgdu kr. 30.000.00 í hlutabréfum kaupanda sjálfs.

Afrýjendur byggja dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að fulltrúaráðinu hafi verið óheimilt án sérstaks umboðs frá félögum innan fulltrúaráðsins að afsala umræddri eign, og hljóti það að valda ógildi samningsins, að þessa umboðs var ekki aflað.

Því er þegar lýst, hvaða ákvæði giltu um fulltrúaráðið í lögum Alþýðusambandsins frá 1919 og 1927 og reglugerð fulltrúaráðsins í Reykjavík frá 1919. Fulltrúaráðið í Reykjavík annaðist og kaup á fasteigninni við Hverfisgötu árið 1919, eins og áður er getið, án þess að séð verði, að leitað hafi verið sérstaks umboðs frá félögum innan fulltrúaráðsins í því efni né nokkrum athugasemdum hreyft við þeim erindisrekstri, og sama máli gegnir um kaupin á húseigninni Iðnó árið 1929. Í lögum Alþýðusambandsins frá 1930 er sams konar ákvæði um fulltrúaráð félaganna og áður var, og í reglugerð fyrir fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík frá 19. febrúar 1931 segir, að nefndir, sem kosnar eru til að veita forstöðu sérstökum fyrirtækjum fulltrúaráðsins, skuli fara með umboð ráðsins við allar skuldbindingar vegna fyrirtækjanna, svo sem kaup og sölu á fasteignum og öðru, en allar veðsetningar, kaup og sala á fasteignum skuli þó áður samþykkt í fulltrúaráði. Hinn 28. september 1935 afsalaði fulltrúaráðið Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f fasteigninni við Hverfisgötu, sem keypt hafði verið árið 1919, og verður ekki séð, að neinum athugasemdum hafi verið hreyft við þeirri sölu. Í lögum Alþýðusambandsins frá 1938 eru sams konar ákvæði og fyrr um myndun fulltrúaráðs og þar tekið fram, að fulltrúaráðið í Reykjavík hafi með höndum hin sameiginlegu mál sambandsfélaganna, gæti hinna sameiginlegu eigna þeirra og stjórnin hinum sameiginlegu fyrirtækjum þeirra. Í reglugerð fyrir fulltrúaráðið frá 12. júní 1939 eru síðan ákvæði um verkefni ráðsins, samhljóða þeim, er nú voru rakin, og ákvæðin um kaup og sölu fasteigna eru hin sömu og greind voru í reglugerðinni frá 1931. Þegar

litið er til þessara ákvæða svo og þeirrar venju, sem lýst hefur verið, um kaup og sölu fasteigna af hálfu fulltrúaráðsins, verður ekki talið, að fulltrúaráðið hafi þurft að afla sér sérstaks umboðs frá félögunum innan ráðsins til sölnnar á húseigninni Iðnó árið 1940, og verður framangreind riftunar-ástæða áfrýjenda því ekki tekin til greina.

Í öðru lagi byggja áfrýjendur dómkröfur sínar á því, að ekki hafi verið farið eftir gildandi reglum um samþykkt sölnnar í fulltrúaráðinu.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar fyrir fulltrúaráðið frá 1939 skyldi boða fulltrúaráðsfundi með auglýsingu í Alpýðublaðinu með minnst sólarhrings fyrirvara, og eru fundir, sem þannig eru boðaðir, lögmætir, hvort sem margir sækja þá eða fáir. Ef sérstök nauðsyn krefur, má þó boða fund með styttri fyrirvara, ef öll stjórnin er því samþykk, en slíkur fundur er því aðeins ályktunarfær, að minnst helmingur fulltrúa sæki hann.

Á fundi í fulltrúaráðinu 3. jan. 1940 var kosin nefnd til að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag fyrirtækja fulltrúaráðsins. Með auglýsingum í Alpýðublaðinu 16. og 17. apríl s. á. var síðan kvatt til fundar í fulltrúaráðinu hinn 17. apríl um kvöldið. Á þeim fundi lagði áðurgreind nefnd fram tillögur um sölu á Alpýðubrauðgerðinni og húseigninni Iðnó á þann hátt, sem síðar varð, og var þar samþykkt að hafa tvær umræður um tillögurnar. Á fundi þessum, sem ekki hefur verið véfengdur að lögmæti, var samþykkt með samhljóða atkvæðum að vísa tillögunum til 2. umræðu. Með auglýsingum í Alpýðublaðinu 22. og 23. apríl 1940 var aftur kvatt til fundar í fulltrúaráðinu að kvöldi síðari dagsins, og átti þá að vera 2. umræða um málið. Fundarsókn varð svo lítil, að ekki þótti rétt að halda fund. Eins fór um fund, sem halda átti 27. júní s. á., og hafði þó verið kvatt til þess fundar með auglýsingum í Alpýðublaðinu með meira en sólarhrings fyrirvara. Hinn 1. júlí s. á. var loks auglýst í Alpýðublaðinu, að framhaldsumræður yrðu í fulltrúaráðinu þá um kvöldið. Sóttu 28 fulltrúar þann fund, og var þar m. a. salan á húseigninni Iðnó samþykkt með 26 atkvæðum gegn 2.

Í 66. gr. laga Alpýðusambandsins frá 1938 segir, að fulltrúaráðið í Reykjavík myndi fulltrúar frá þeim félögum, sem eru

í Alþýðusambandinu og setu eiga á sambandsþingi með fullum réttindum, enda hafi félagið greitt skatt til fulltrúaráðsins. Sams konar ákvæði er í 1. gr. reglugerðar fyrir fulltrúaráðið frá 1939. Af gögnum málsins þykir að vísu mega ráða, að vanskil á árgjöldum félaganna um stuttan tíma hafi ekki verið látin valda réttindamissi að þessu leyti, en hins vegar, ef verulegur misbrestur varð á. Miðað við það verður að telja, að einungis þau félög, sem höfðu greitt árgjöld til fulltrúaráðsins fyrir árið 1939, hefðu átt rétt til setu með fullum réttindum á fundinum 1. júlí 1940. Fulltrúar þessara félaga voru samkvæmt gögnum málsins 43 að tölu, og sóttu því fundinn nægilega margir gildir fulltrúar til þess, að hann yrði ályktunarfær. Þegar til þessa er litið svo og þess, að lögmæti fundarins hefur ekki verið véfengt fyrr en í máli þessu í héraði á árinu 1945, og átti þó fljótlega að vera unnt að afla sér vitneskju um kvaðningu til fundarins og fundarsókn, þykir sölugerningnum ekki verða hnekk á þessum grundvelli.

Loks reisa áfrýjendur dómkröfur sínar á því, að fulltrúaráðið hafi misfarið með umboð sitt með því að selja húseignina Iðnó óhæfilega lágu verði, en dómkvaddir menn hafa metið hina seldu eign kr. 237.279.00 miðað við verðlag á afsalsdegi. Fasteignamat hússins var þá kr. 126.600.00 og brunabótamat kr. 187.790.00.

Verðlag á fasteignum í Reykjavík á þeim tíma, er sala þessi fór fram, hafði ekki tekið verulegum breytingum til hækkunar. Félag þau, er stóðu að fulltrúaráðinu, og önnur verkalýðsfélög í Reykjavík áttu og eiga verulega hluti í h/f Alþýðuhúsi Reykjavíkur, sem stofnað var til að reisa og reka samkomu- og skrifstofuhús fyrir alþýðusamtökin í Reykjavík, enda á og fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og félög í Reykjavík innan Alþýðusambandsins forkaupsrétt að hlutabréfum Alþýðuhússins h/f, sem eigendaskipti verða að, eftir nánari reglum í samþykktum félagsins. Fulltrúaráðið hafði og á árinu 1935 selt hlutafélagi þessu verðmæta fasteign fyrir lágt verð og það engum andmælum sætt. Þegar til þessa er litið svo og þess, að engum andmælum hefur verið hreyft út af sölu þessari, sem þinglýst var 17. okt. 1940, fyrr en með höfðun máls þessa með sáttakæru 8. ágúst 1944 og stefnu 13. apríl

1945, þykja ekki, þótt söluverðið verði að teljast lágt, efni til að taka dómkröfur áfrýjenda til greina á þessum grundvelli.

Þer því að sýkna stefndu af kröfum áfrýjenda samkvæmt 1., 3. og 4. lið, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Stefndu, Alþýðuhús Reykjavíkur h/f, Jón Axel Pétursson, Jónas Guðmundsson, Guðgeir Jónsson, dánarbú Sigurðar Ólafssonar og Jónína Guðjónsdóttir, eiga að vera sýkn af öðrum dómkröfum áfrýjenda, Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, Félags blikksmiða í Reykjavík, Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík, Félagsins Skjaldborgar, Iðju, félags verksmiðjufólks, Rakarasveinafélags Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagsins Sóknar, Sveinafélags húsgagnasmiða í Reykjavík, Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Þvottakvennafélagsins Freyju.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. marz 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík höfðað fyrir bæjarþinginu í umboði Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, Félags blikksmiða í Reykjavík, Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík, Félagsins Skjaldborgar, Iðju, Rakarasveinafélags Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagsins Sóknar, Sveinafélags húsgagnasmiða í Reykjavík, Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Þvottakvennafélagsins Freyju eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, út gefinni 13. apríl 1945, gegn stjórn Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f f. h. félagsins og fyrrverandi stjórnarmeðlimum fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík, þeim Jóni Axel Péturssyni hafnsögumanni, Hringbraut 153, Jónasi Guðmundssyni, fyrrum alþingismanni, Miklubraut 9, Guðgeiri bókbindara Jónssyni, Hofsvallagötu 20, Sigurði Ólafssyni gjaldkera, Hverfisgötu 71, og Jóninu Guðjónsdóttur, Freyjugötu 32, öllum hér í bænnum.

Stefnukröfurnar eru þessar:

1. að síðargreindur afsals- og kaupsamningur, dagsettur 12. ágúst 1940, verði dæmdur ógildur;
2. að stefnd verði dæmd til að skila stefnanda aftur eignum þeim, sem afhentar voru hinu stefnda hlutafélagi samkvæmt nefndum samningi;
3. að stefnd verði dæmd til að skila stefnanda ágóða þeim, sem orðið hefur af rekstri nefndra eigna, síðan þær voru afhentar stefndu hlutafélagi;
4. að stefnd verði dæmd til að greiða stefnanda fullar bætur fyrir það tjón, sem umbjóðendur hans hafa orðið fyrir, að mati dómara vegna framangreindrar eignaafhendingar;
5. að stefnd verði dæmd til að greiða málskostnað að mati dómara.

Aðiljar hafa óskað þess, að málinu yrði skipt þannig, að dómur verði fyrst felldur um kröfur stefnanda, aðrar en þær, sem lúta að fjárhæð endurgreiðslu og bótakrafna hans, og hefur dómarrinn samþykkt það samkvæmt heimild 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936. Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi því gert framangreindar dómkröfur án þess að tiltaka fjárhæðir samkvæmt 3. og 4. lið þeirra.

Stefnd hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með afsalsbréfi, dagsettu 12. ágúst 1940, seldi þáverandi stjórn fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík hinu stefnda hlutafélagi húseignina nr. 3 við Vonarstræti (Alþýðuhúsið Iðnó) hér í bænum ásamt meðfylgjandi eignarlóð, að stærð 1158.2 m², og mannvirkjum á henni svo og útbúnaði þeim öllum og áhöldum, sem húsið átti og notuð voru til reksturs þess og starfsemi þeirrar, er fram fór í húsinu og Ingólfs Café, hverju nafni sem nefndist, svo og öllu því öðru, sem reikningslega tilheyrði eigninni, að engu undanskildu. Kaupverðið var í afsalsbréfinu talið kr. 130.400.00, en í kaupunum fylgdu kr. 30.000.00 í hlutabréfum kaupanda sjálfs.

Skýrir stefnandi svo frá, að komið hafi fram raddir um heimildarleysi fulltrúaráðsins til framangreindrar ráðstöfunar, þegar er kunnugt varð um hana við þinglýsingu afsalsins, en hún fór fram 17. október 1940, án þess þó að einstakir meðlimir ráðsins hæfu aðgerðir þegar í stað. Um haustið 1942 fóru fram kosningar fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands, og hafði þá áður verið breytt skilyrðum til kjörgengi manna. Varð við þetta mikil breyting á fulltrúavali verkalýðsfélaganna, og sú stjórn, er fulltrúaráðið kjöri sér, var skipuð öðrum en áður. Fráfarandi stjórn afhenti ekki gerðabækur þær, er fulltrúaráðið hafði notað, og krafðist hin nýja stjórn bókana með aðstoð fógeta, en árangurslaust. Þá reyndi stjórnin að nálgast bækurnar með rannsókn sakadómarara, en sú rannsókn féll niður í ágústmánuði 1944, og hefur stjórnin ekki enn fengið umráð bóka þessara. Jafnframt kynnti stjórnin sér eftir föngum, hvernig sala á eignum verkalýðsfélaganna, sem voru í umsjá fulltrúaráðsins, hefði farið fram og hvaða heimild þáverandi stjórn þess hafði til þeirra ráðstafana. Hafi þá komið í ljós, að um sölurnar hafði ekki verið leitað álits

né heimildar meðlima fulltrúaráðsins, alþýðusambandsfélaganna í Reykjavík, enn fremur, að söluverð eignanna miðað við gangverð samsvarandi eigna á þeim tíma, sem salan fór fram, hafi verið svo lágt, að augskýnlegt sé, að hagsmunir eigendanna, fyrrgreindra félaga, hafi verið fyrir borð bornir. Að fengnum þessum upplýsingum tilkynnti stjórnin þær verkalyðsfélögunum í Reykjavík. Héldu mörg þeirra fundi um málið og samþykktu að óska eftir málshöfðun vegna sólunnar, og gáfu ellefu þeirra fulltrúaráðinu umboð til hennar til þess að fá rift sölnunni.

Byggir stefnandi dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hinar seldu eignir hafi verið sameign félaga þeirra í Reykjavík, sem á hverjum tíma eru í Alþýðusambandi Íslands, en umsjón þeirra hafi verið falin fulltrúaráðinu eftir reglum þeim, sem samkvæmt lögum og venjum Alþýðusambandsins hafi gilt um þá starfsemi þess frá upphafi. Nánari reglur um framkvæmd þessarar umsjónar hafi verið í reglugerð fyrir fulltrúaráðið, sem sett var á fundi þess 12. júní 1939, en í 3. gr. hennar segir meðal annars: „Fulltrúaráðið hefur með höndum hin sameiginlegu mál sambandsfélaganna í Reykjavík, gætir hinna sameiginlegu eigna þeirra og stjórnar sameiginlegum fyrirtækjum þeirra.“ Heldur stefnandi því fram, að fyrirtækið Alþýðuhúsið Iðnó hafi verið eitt þeirra fyrirtækja og það ásamt húseigninni sameign verkalyðsfélaganna. Húseign þessa keypti fulltrúaráðið samkvæmt afsali, dagsettu 1. júlí 1929, fyrir kr. 130.000.00 með það fyrir augum að auðvelda fundahöld og aðra starfsemi verkalyðsfélaganna í Reykjavík. Sá ráðið um reksturinn og kaus stjórn fyrirtækisins, allt þar til er eignin var seld, sem fyrr segir. Samhliða starfseminni í Vonarstræti 3 rak fyrirtæki þetta veitingar í Ingólfs Café að Hverfisgötu 8—10, og rann arður þeirra til fyrirtækisins. Í 11. gr. fyrrgreindrar reglugerðar segir svo: „Hlutdeild einstakra félaga í sameiginlegum eignum er við það bundið (svo), að félagið sé í Alþýðusambandi Íslands og hafi kjörna fulltrúa í fulltrúaráðinu. Missir því hvert félag að fullu og öllu eignar- og umráðarétt í þessu falli, sem hættir að vera í Alþýðusambandi Íslands eða hættir að hafa fulltrúa í ráðinu. — Félög, sem ganga í Alþýðusambandið og senda fulltrúa í fulltrúaráðið, öðlast með því fullan rétt í sameiginlegum fjármálum á móts við eldri félögin.“ Telur stefnandi, að af þessu sé ljóst, að fulltrúaráðinu beri um rekstur og ráðstafanir á sameiginlegum eignum að gæta hagsmuna verkalyðsfélaganna og fara að vilja félagsmanna þeirra á hverjum tíma. Þess vegna hafi fulltrúarnir ekki frekari ráðstöfunarrétt eigna þeirra, sem ráðið hefur umsjón með, en umboð þeirra frá hinum skipulagða verkalyð í verkalyðssamtökunum nær. Í 10. gr. margnefndrar reglugerðar segir svo: „Fulltrúaráðið kýs nefndir og stjórnir til að veita forstöðu sérstökum fyrirtækjum eða framkvæmdum, sem fulltrúaráðið ræður yfir. Þær skulu starfa samkvæmt reglugerðum hlutaðeigandi fyrirtækja og fara með umboð fulltrúaráðsins við allar skuldbindingar vegna þeirra fyrirtækja, sem þær eiga að stjórna, svo sem kaup og sölu á fasteignum og öðru, veðsetningar og lántökur. Þó skulu allar veðsetningar, kaup og sala á fasteignum áður hafa hlotið samþykki full-

trúaráðsins.“ Telur stefnandi, að hér sé aðeins rætt um ráðstöfunarrétt á einstökum eignum, þegar um er að ræða áframhaldandi rekstur fyrirtækis, þannig að fulltrúaráð og kosnar stjórnir einstakra fyrirtækja hafi aðeins rétt til slíkra ráðstafana, þegar hinn venjulegi rekstur fyrirtækis gerir það nauðsynlegt. Hins vegar hafi hvorki fulltrúaráðið né stjórnir hinna einstöku fyrirtækja heimild til sölu fyrirtækja þeirra, sem ráðinu sé falið að gæta og reka til hagsbóta fyrir félögin og meðlimi þeirra, nema með sérstöku umboði hverju sinni frá hinum raunverulegu eigendum fyrirtækjanna.

Stefnd byggja sýknukröfur sínar fyrst og fremst á því, að fulltrúaráðið hafi keypt Vonarstræti 3 fyrir eigin reikning, þar eð því hafi borizt tilboðið um kaupin, það hafi samþykkt kaupin, tekið lán til þeirra og afsal verið gefið út því til handa. Allt þetta átti sér stað, án þess að álits verkafélögsfélaganna væri leitað, enda hafi málið ekki snert þau, sem ekki voru kaupendur né báru ábyrgð á kaupunum. Eftir að fulltrúaráðið keypti Íðnó, hafi oft verið tekið lán til hússins, og hafi ráðið ávallt tekið þau lán og borið ábyrgð á þeim, án þess að félögin kæmu þar nærri. Telja stefnd þetta sanna, að fulltrúaráðið sjálft hafi verið einkaeigandi hússins og starfsemi þeirrar, sem rekin var á þess vegum, og hafi ráðinu því verið heimilt að selja eign þessa að eigin vild án þess að leita samþykkis annarra. Telja stefnd þessu til stuðnings þá sölu, sem fram fór á sama hátt á eignum fulltrúaráðsins við Hverfisgötu 8—10 á árinu 1934, er aldrei síðan hefur verið véfengd. Auk þess telja stefnd, að hér hafi ekki verið um raunverulega sölu eignanna að ræða, þar eð Alþýðuhús Reykjavíkur h/f hafi verið stofnað af fulltrúaráðinu og félögum þeim, sem að því stóðu, og hinir sömu aðiljar séu enn hluthafar í félaginu, sem hafi hinn sama tilgang sem fulltrúaráðið, að því er varðar rekstur eignanna.

Af lögum Alþýðusambands Íslands frá 1938, IX. kafla, svo og margnefndri reglugerð fyrir fulltrúaráðið, sem sett er samkvæmt ákvæðum hans og telja verður hafa gilt, er ráðstöfun þessi var gerð, er ljóst, einkum þegar gætt er orðalags 3., 10., 11. og 14. gr. reglugerðarinnar, að þær eignir, sem voru í umsjá fulltrúaráðsins, voru sameiginleg eign þeirra félaga, sem fullnægðu skilyrðum 11. gr. reglugerðarinnar.

Í öðru lagi byggja stefnd sýknukröfu sína á því, að fulltrúaráðið hafi haft fulla og ótakmarkaða heimild til þess að selja og afsala hverri þeirri eign, er það hafði umsjón með, og hafi þessi ráðstöfun því farið fram með löglegu móti.

Fulltrúaráðinu er veitt umboð það, sem hér ræðir um, með 2. mgr. 66. gr. laga Alþýðusambandsins, en þau ákvæði eru samhljóða því, sem þegar hefur verið tilfært hér að framan úr 3. gr. reglugerðarinnar, sem er, eins og fyrr greinir, sett samkvæmt sömu lagagrein. Hér að framan hafa einnig verið rakin þau ákvæði 10. gr. reglugerðarinnar, sem skipta hér máli. Af ákvæðum þessum verður ekki séð, að fulltrúaráðið hafi þurft að afla sér frekara umboðs en í þeim felst til þess að veðsetja eða selja sam-

eiginlegar fasteignir sambandsfélaganna, og verða kröfur stefnanda því eigi til greina teknar á þessum grundvelli.

Í öðru lagi byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að þótt fulltrúaráðið yrði talið hafa heimild til slíkra ráðstafana sem þeirra, er mál þetta er af risið, sé sú ráðstöfun allt að einu ógild, þar eð ekki hafi verið farið eftir settum reglum um samþykkt hennar í fulltrúaráðinu. Tillaga um að selja eignina kom fram á fundi ráðsins hinn 17. apríl 1940, og var samþykkt að láta fram fara tvær umræður og tillögunni jafnframt vísað til annarrar umræðu. Hún fór fram á fundi hinn 1. júlí 1940, og var tillagan samþykkt þá. Í 8. gr. oftnefndrar reglugerðar segir, að fundi fulltrúaráðs skuli boða með auglýsingu í Alþýðublaðinu með sólarhrings fyrirvara, og séu þeir þá lögmætir, hvornig sem til tekst um fundarsókn. Þar er og heimilað, ef sérstök nauðsyn krefur, að boða fund með styttri fyrirvara, enda samþykki allir stjórnendur það. Slíkur fundur er því aðeins ályktunarfær, að helmingur fulltrúa a. m. k. sækir hann. Stefnandi heldur því fram, að fundurinn 1. júlí hafi ekki verið boðaður með sólarhrings fyrirvara, og hafi því þurft að sækja hann a. m. k. helmingur fulltrúa. Nú hafi á þessum tíma verið 80 fulltrúar í ráðinu, en fund þenna sóttu aðeins 28 fulltrúar, og af þeim greiddu 26 atkvæði með tillögunni, en 2 á móti. Fundurinn hafi því ekki verið ályktunarfær og sala stjórnarinnar samkvæmt þeirri samþykkt því markleysa ein.

Stefnd hafa mótmælt þessari staðhæfingu stefnanda og færa fram þessi rök:

Í 1. gr. reglugerðar fyrir fulltrúaráðið segir svo: „Fulltrúar þeirra félaga í Reykjavík, sem eru í Alþýðusambandi Íslands og setu eiga á sambandsþingi með fullum réttindum, mynda fulltrúaráð verkafélagsfélaganna í Reykjavík samkvæmt 66. gr. Alþýðusambandslaganna, enda greiði félögin skatt til fulltrúaráðsins samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar.“ Skatt þenna hafi ekki fleiri en 12 félög greitt, þannig að þau hefðu rétt til að hafa fulltrúa í ráðinu. Þessi 12 félög hafi átt samtals 44 fulltrúa, og sé þar með fullnægt ákvæðum 8. gr. um fundarsókn, þrátt fyrir það að fundurinn 1. júlí var boðaður samdægurs. Fundurinn hafi því verið ályktunarfær og samþykkt sölunnar gild.

Stefnandi hefur ekki véfengt þá staðhæfingu stefndra, að ekki fleiri en 12 félög hafi verið skuldlaus, né heldur fulltrúafjöldi þeirra á þeim tíma. Verður því að leggja hana til grundvallar og telja, að samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar hafi fundur þessi verið lögmætur. Verða dómkröfur stefnanda því ekki teknar til greina af þessum sökum.

Í þriðja lagi styður stefnandi kröfur sínar við það, að þótt ráðstöfun sú, er að framan greinir, verði að öðru leyti talin gild, beri samt sem áður að ómerkja hana vegna þess, að fulltrúaráðið hafi misbeitt umboði sínu með því að selja eignirnar svo vægu verði, að það megi nánast telja gjöf. Hefur það og bent á, að ýmsir fulltrúanna voru þá hluthafar í hinu stefnda hlutafélagi, og sé salan enn varhugaverðari, að því er söluverðið snerti, fyrir þær sakir. Hefur stefnandi látið fara fram mat dómkvaddra

manna á hinum seldu eignum, og nemur það kr. 237.279.00 miðað við verðlag á afsalsdegi. Fasteignamat hússins nam þá kr. 126.600.00, en bruna-bótamat kr. 187.790.00, og var það á árinu 1942 hækkað í kr. 400.670.00.

Loks hefur stefnandi til aukins rökstuðnings kröfum sínum á hendur hinu stefnda hlutafélagi bent á það, að í stjórn þess áttu sæti, er sala fór fram, tveir meðlimir fulltrúaráðsins og annar þeirra í stjórn ráðsins. Því hljóti félaginu að hafa verið kunnugur heimildarbrestur seljanda og það því ekki í góðri trú um gildi afsalsins.

Stefnd hafa eindregið mótmælt því, að söluverðið hafi verið óeðlilega lágt. Þvert á móti megi telja það sanngjarnt, þegar þess sé gætt, að ekki megi byggja af nýju á lóðinni, ef húsið brenni eða verði rífið, og ekki megi heldur framkvæma á því meiri háttar viðgerðir. Þá hafa þau og haldið því fram, að hlutabréfin í Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f séu lítils, jafnvel einskis virði vegna ákvæða samþykktu þess. Loks hafa stefnd mótmælt því, að lögmæti sölunnar hafi verið véfengt fyrr en mál þetta var höfðað, og telja, að sambandsfélögin hafi samþykkt hana með aðgerðaleyfi sínu í fjögur ár.

Þegar virt eru gögn málsins um þáverandi verðmæti eignanna og söluverð þeirra og þess jafnframt gætt, hversu víðtækt umboð fulltrúaráðinu var falið til slíkra ráðstafana, þykir ekki unnt að telja söluverðið svo lágt ákveðið, að stefnandi geti borið það fyrir sig til riftunar kaupunum. Auk þess þykir svo langur tími liðinn frá því, að ætla má, að stefnanda og umbjóðendum hans hafi orðið kunnugt um söluna, og þar til er hafizt var handa um kröfugerð þessa, að telja verður þau hafa firrt sig þeim rétti, er þau álíta sig hafa á hendur stefndum í máli þessu..

Málalok verða því þau, að stefnd verða sýknuð af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna. Uppsaga hans hefur dregizt um venju fram, og stafar það bæði af embættisönnum og því, að mál þetta er allviðamikið.

Dómsorð:

Stefnd, Alþýðuhús Reykjavíkur h/f, Jón Axel Pétursson, Jónas Guðmundsson, Guðgeir Jónsson, Sigurður Ólafsson og Jónína Guðjónsdóttir, skulu vera sýkn í máli þessu af kröfum stefnanda, fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík f. h. Bifreiðastjórufélagsins Hreyfils, Félags blikksmiða í Reykjavík, Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík, Félagsins Skjaldborgar, Iðju, Rakarasveinafélags Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagsins Sóknar, Sveinafélags húsgagnasmiða í Reykjavík, Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Þvottakvennafélagsins Freyju.

Málskostnaður falli niður.